

Selfossi,

16. júlí 2019

## Tillaga um ímyndar- og kynningarherferð

Bæjarráð Árborgar samþykkir að sveitarfélagið verji allt að 10 milljónum króna í kynningar- og ímyndarherferð þar sem áhugasöm fyrirtæki á svæðinu myndu einnig taka þátt.

Megininntak herferðarinnar er að draga athygli að jákvæðum breytingum sem eru að eiga sér stað á Selfossi og þeim uppbyggjandi áhrifum sem þær munu hafa á næstu árum. Áhersluatriði verða mannlíf, vöxtur og náttúra og íbúar Selfoss verða í aðalhlutverki kynningarefnisins. Samhliða verða Eyrarbakki og Stokkseyri kynnt sem áhugaverðir valkostir fyrir búsetu og atvinnurekstur.

Mikill fjöldi ferðafólks og landsmanna á leið um Selfoss á degi hverjum og til mikils að vinna að þeirri líti á staðinn sem áhugaverðan til heimsóknar, en ekki aðeins til gegnumaksturs. Þá stendur fyrir dyrum að hefja úthlutun lóða í Björkurstykki, á vegum sveitarfélagsins, og jafnvel víðar á vegum einkaaðila, og mun jákvæð kynning styrkja sveitarfélagið sem búsetuvalkost og greiða fyrir úthlutun lóða. Einnig má benda á að mikilvægt er að fyrirtæki í landinu sjái tækifæri í því að nýta vaxandi fjölda íbúa og aukið atgerfi í Árborg til að auka starfsemi sína í sveitarfélaginu.

Fyrirtæki á Selfossi hafa sýnt mikinn áhuga á að koma að slíkri kynningarherferð, ásamt sveitarfélaginu, til þess að styrkja orðspor staðarins og fjölga hér tækifærum.

Efni herferðarinnar verður tekið upp nú í sumar og mun verða birt í öllum fjölmiðlum í haust og eftir áramót. Sérstök áhersla verður lögð á samfélagsmiðla, en einnig hefðbundna fjölmiðla.